

Hundafóður frá Hill's með of miklu D-vítamín innihaldi

Hill's Pet Nutrition innkallar dósafóður fyrir hunda eftir að hafa fundið of mikið magn af D-vítamíni í blautfóðri frá fyrirtækinu.

Eftir að greiningar hafa sýnt of mikið magn af D-vítamíni í nokkrum tegundum blautfóðurs frá Hill's Pet Nutrition, innkallar fyrirtækið nú fleiri tegundir af hundafóðri í dósum. Vörurnar eru seldar á dýralæknastofum á Íslandi og geta valdið alvarlegum heilsufarsvandamálum.

Einkenni D-vítamíneitrunar geta verið minnkuð matarlyst og þyngdartap ásamt auknum þorsta, slefi og þvaglátum. D-vítamíneitrun getur í alvarlegum tilvikum leitt til nýrnabilunar.

Hundeigendur eru hvattir til að hafa samband við dýralækninn sinn ef hundur þeirra hefur neytt blautfóðurs frá Hill's Pet Nutrition og hefur einkenni D-vítamíneitrunar.

Hér getur þú séð hvaða tegundir af hundamat, Hill-s Pet Nutrition innkallar á Íslandi, ekki þarf að hafa áhyggjur af neyslu á öðru fóðri frá Hill's:

Vöruheiti	Vörunúmer	Lotunúmer
Hill's Prescription Diet Canine i/d 360 g	8408U	09 2020 T27

Þessi vara með þessari lotu var aðeins seld til eftirfarandi dýralæknastofa:

Dýraspítalinn í Garðabæ
Dýralæknirinn í Mosfellsbæ
Dýralæknamiðstöðin í Grafarholti
Dýralæknastofa Dagfinns
Dýralæknastofa Reykjavíkur

Frekari upplýsingar eru veittar hjá umboðsaðila Hill's á Íslandi, Vistor hf. s. 535-7000